

ingar og til þess þér auglýsið það, og vonast stjórnin eptir, að þér sjáið um að borgun innstæðunnar og vextir af láninu, svo sem áskilið er, verði skilvíslega greitt og borgað í jarðabókar-sjóð Íslands. 1861.
26. febrúar.

11. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stjórnenda hins íslenska biblíufélags, um styrk til að gefa út nýja testamentið. 26. febrúar.

Eptir bænarskrá, dagsettri 11. júlím. f. á., er hingað barst frá stjórnendum hins íslenska biblíufélags, eru í fjárhagslöggunum fyrir árið 186 $\frac{1}{2}$, sem útkomu 19. þ. m., félagi þessu veittir 200 ríkisdalir, sem sérstaklegur styrkur fyrir eitt ár, til að koma út eptir fyrirætlun félagsins nýju upplagi af nýja testamentinu á íslensku.

Þetta sé yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar.

12. Bréf hinnar íslensku stjórnardeildar til stiptamt-mannsins á Íslandi, um fjárhagslögin fyrir árið 1861—62. 27. febrúar.

Með bréfi þessu er yður, herra stiptamtmaður, sent eitt exemplar af fjárhagslöggunum fyrir árið 186 $\frac{1}{2}$, er út komu 19. þ. m., ásamt athugasemdum við frumvarp til laga þessara og eptirriti af fylgiskjali, er til þess heyrir, að svo miklu leyti það snertir Ísland.

Um þetta efni skal nú yfirhöfuð að tala skýrskotað til þess, sem þegar eins stóð á var tekið fram í bréfi stjórnarinnar 15. aprílm. 1851, þannig:

að öll laun og hlunnindi embættismanna og embættisþjóna, sem tilgreind eru í fjárhagslögum hvers árs, skal borga hlutaðeigendum afdráttarlaust, eptir þeirri upphæð, sem til er tekin fyrir hvern þeirra, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í opnu bréfi 31. maím. 1855, 1. gr., án þess nokkra sérstaklega

1861.

27. febrúar.

skipun þurfi að gjöra um borgunina, og án þess tekið sæ til greina, hvort launin í fjárhagslögunum eru sett hærrí eða lægri en áður hefir verið;

að þegar embættismenn á Íslandi vilja fá laun sín borguð úr ríkisföhirzlunni, verður að eins sá hluti launanna ávísaður, sem í hvert skipti er kominn í gjalddaga, eptir því sem áður er sagt, þá er embættismaðurinn æskir borgunarinnar. Landfógeti verður og ávallt að rita á launaávisanir þessar, að hann hafi sæð þær og bókað.

Þær eruð, herra stiptamtmaður, beðinn að láta hlutaðeigendur víta það, sem þeir þurfa í þessu efni; hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið skrifað um þetta mál og einnig hinum amtönnunum á Íslandi, að því leyti snertir þá sjálfa og embættismenn þá, er búa í umdæmum þeirra.

Um 1000 ríkisdala rentulaust lán, sem í fjáráukalögunum 31. marzm. 1860 var veitt ýmsum sveitum í suðurumdæminu vegna hallæris, er menn báru kvíðboga fyrir, skal að endingu leiða athygli yðar að því, sem tekið er fram í athugasemdunum við frumvarpið til fjárhagslaganna, við 4. gr. A, 4, en eptir því sem þar segir er veitt umlíðun um borgunina þangað til árið 1861, og á úr því að borga fimmtung af láninu á ári.

15. marz. 13. Tilskipun um vegina á Íslandi.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um vegina á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Vegum skal skipt í þjóðvegi og aukavegi.

2. gr.

Þá vegi skal álíta þjóðvegi, sem innbúar eins eða fleiri héraða fara jafnaðarlega, er þeir ætla í kaupstað, fiskiver eða á